

Vandamál við tengingu við Bygging

Helstu upplýsingar

Heiti vélar: midlari.skra.is

Get ekki tengst portserver

Til að Bygging-forrit nái sambandi við gagnagrunn Fasteignaskrár þurfa port 4701 til 4710 að vera opin.

Í dag eru mörg fyrirtæki og stofnanir tengdar internetinu í gegnum eldvegg og/eða proxy server sem geta lokað á þessi port.

Fyrir hin almenna notanda eru þetta ósýnileg box sem liggja á milli notandans og internetsins til að tryggja öryggi gagna notandans.

Ef þú færð skilaboðin „Get ekki tengst portserver“ þá hafðu samband við þann aðila sem sér um víðnetstenginguna þína. (Þjónustuaðili Internets).

Hvernig get ég athugað hvort portin séu opin?

Að öllum líkindum krefst þessi aðgerð aðkomu tæknimanns/kerfisstjóra. Ræsið Telnet forrit og reynið að tengjast eftirfarandi miðlara með neðangreindu portnúmeri.

Host Name: **midlari.skra.is**

Port: **4706**

Skjárinn hreinsast og ekkert gerist en við það að slá nokkrum sinnum á Enter ættu að birtast 30-40 tölustafir og síðan spjald sem segir eitthvað í átt við „Connection to host lost“.

Þótt undarlegt megi virðast er þetta staðfesting á að port 4706 er opið. Ef hinsvegar ekkert gerist og/eða Telnet birtir skilaboðin „Connection failed!“ þá er portið lokað og forritið virkar ekki. Ef þú telur að portin séu opin getur þú haft samband við tölvudeild ÞÍ (verk@skra.is), en ef portin virðast lokuð hafið þá samband við þann aðila sem sér um víðnetstenginguna þína.

Stillingar vegna proxy servers og stillingar í .ini skrá.

Ef notaður er proxy server verður að breyta stillingu í skránni Tengill.ini sem staðsett er inni á Windows svæðinu.

Einu gildin sem breyta má eru:

[Socket Tengill]

PortServer=4706

Server=midlari.skra.is

Helstu atriði eru að PortServer á að vera 4706 nema annað sé tekið fram af tæknimönnum Þjóðskrár Íslands og að Server á að vera:

Server=midlari.skra.is